



Fundargerð stjórnar SOS nr. 294

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 23. júní 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mætti á fundinn Stefán Gíslason (SG) frá Environice.

1. Aðalfundur Orkugerðarinnar fyrir árið 2019.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Árni Eiríksson, Flóahreppi, var kjörinn fulltrúi Sorpstöðvarinnar í stjórn Orkugerðarinnar.

2. Beiðni til Sorpu um móttöku á óvirkum úrgangi

Sent erindi SOS lagt fram til kynningar. Það býður formlegrar umfjöllunar í stjórn Sorpu.

3. Aðgerðaráætlun fyrir SOS vegna svæðisáætlunar

Farið var yfir minnisblað Mannvits með drögum að aðgerðaráætlun fyrir Suðvesturland. Sorpstöð Suðurlands óskar eftir að sett verði fram í einu skjali stefna og markmið með hliðsjón af landsáætlun/stefnu ráðherra og dregnar upp meginaðgerðir fyrir Suðvesturland, en að Sorpsamlögunum sjálfum gefist svo kostur á að leggja fram tillögur að aðgerðum fyrir sín umdæmi í fínni dráttum.

Stjórn felur formanni að undirbúa vinnu við gerð slíkrar aðgerðaráætlunar fyrir Sorpstöð Suðurlands. Jafnframt verði sett fram sýn SOS á stefnu og helstu markmið sem gæti orðið innlegg í endurskoðaða svæðisáætlun.

4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

SG gerir grein fyrir stöðu mála.

a. Staða á móttöku úrgangs

Almennt er staðan í þokkalegu lagi.

b. Afsetning dýrahæja, móttaka

Vandinn er talsverður og fer vaxandi. Tímabundin lausn er þó í sjónmáli.

c. Dýrahæ, kaup á ofni

Til stendur að fara betur yfir rekstrarforsendur og gera nákvæmari rekstraráætlun.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 15:00 þann 18. ágúst næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 16:30